

L Ö G

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

1

1. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

16. gr. laga nr. 58/1946 orðist þannig:

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og 17, er hann verður 60 ára. Kennsluskylda núverandi kennara skal þó haldast óbreytt frá því sem ákveðið er í reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík, nr. 3 frá 8. febrúar 1937. — Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, ef þörf gerist, svo og vegna mikillar heimavinnu, eða taka tillit til slíkra aukastarfa þegar ákveðin er lengd árlegs starfstíma kennara. — Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra. — Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.

2. gr.

Lög þessi gilda frá 1. október 1946.

Gjört á Bessastöðum, 1. janúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Brynjólfur Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

2

31. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna hljóði svo:

Hver sá, sem fær leyfi til innflutnings eða gjaldeyriskaupa eða hvors tveggja, skal greiða viðskiptaráði $\frac{1}{2}$ % af upphæð þeirri, er leyfið hljóðar um. Skal gjaldi þessu varið til þess að standast kostnað af viðskiptaráði og framkvæmd þessara laga. Heimilt er að undanþiggja gjaldeyrisleysi fyrir námskostnaði frá gjaldi þessu.

Leyfisgjöld, sem til falla vegna útgáfu leyfa samkvæmt tillögum nýbyggingaráðs, renna til þess, enda sé sá innflutningur greiddur með gjaldeyri af nýbyggingarreikningi.